

Lagt fyrir fund velferðarráðs 16. september 2026

**Tillaga fulltrúa Framsóknarflokksins um ályktun vegna styrkja til Foreldrahúss**

Framsókn leggur til að velferðarráð samþykki eftirfarandi ályktun: Velferðarráð skorar á barna- og menntamálaráðuneytið að styðja við Foreldrahús og tryggja starfsemi þess stöðugan og fyrirsjáanlegan rekstrargrundvöll. Foreldrahús hefur um árabil veitt mikilvæga ráðgjöf, fræðslu og stuðning til foreldra og barna, sem standa frammi fyrir vímuefnavanda. Starfsemi Foreldrahúss er mikilvæg þjónusta við börn og fjölskyldur þeirra og því er mikilvægt að stjórnvöld viðurkenni þetta hlutverk og tryggi að úrræðið geti áfram sinnt verkefnum sínum. Þjónusta Foreldrahúss dregur jafnframt úr kostnaði samfélagsins til lengri tíma litið.